

Mánudaginn 5. maí 1919.

Nr. 65/1918:

Axel Tulinius f. h. váttryggj-  
enda skipsins Christiena og  
farms þess  
gegn

N. K. Strömberg skipstjóra  
f. h. eigenda nefnds skips.

D ó m u r :

Síðastliðið sumar 9. ágúst kom seglskipið Christiena frá Álaborg á leið sinni frá Halmstad með fullfermi af timbri til »De forenede Islandsforretninger« á Eskifirði til Vestmannaeyja. Á innsiglingu inn á höfnina þar rakst skipið á sker eða eyri (Hörgseyri) utan við hafnarmynnið, og stóð þar fast þangað til næsta flóð lyfti því yfir skerið; hafði skipið steytt á skerinu með því að sjór var ókyrr og var kominn að því nokkur leki. Því var svo haldið inn á höfnina og lagt upp í fjöruna norðan við höfnina, eftir að það hafði verið affermt, til þess að skoðun yrði gjörð á sjóskemdunum; voru þetta ráðstafanir skipstjórans. N. K. Strömberg, er hann gjörði í samráði við sýslumann og hafnsögumann. Þann 12. s. m. var í sjódomi Vestmannaeyja tekin skýrsla skipstjóra o.fl.um strandið; sama dag voru eftir beiðni hans 2 menn kvaddir af sýslumanni til að skoða skipið og segja álit sitt um, hvort það væri sjófært, og lögðu skoðunarmennirnir fram gjörð sína og staðfestu hana í sjódominum 16. s.m. Skipið Christiena og farmur þess var váttryggt og var fulltrúi váttryggjenda hvortveggja Axel

Tulinius yfirréttarmálaflutingmaður í Reykjavík, en hann fól Gísli Johnsen konsúl í Vestmanneyjum umboð til að gæta réttar váttryggjenda út af skipstrandinu, og var hann [Gísli Johnsen] fyrir þeirra hönd viðstaddur í sjódóminum 12. og 16 ágúst. Þann 21. sept. fjekk skipstjórinn tvo sömu mennina tilnefnda af sýslumanni til að láta uppi álit sitt um, hvort hægt væri að gjöra við skipið hér, svo að það yrði sjófært o. fl., og 23. okt. var sjódómurinn settur, til þess að láta matsmennina staðfesta gjörð sína, er var dags 23. sept; þá kom og í réttinn nefndur umboðsmaður áfrýjanda fyrir hönd váttryggjenda, en með því að hann hafði eigi meðferðis eða lagði fram umboðsskjal tjáði formaður sjódómsins honum, að hann yrði eigi talinn gildur umboðsmaður váttryggjenda eða bær um að mæta fyrir þá, og voru mótmæli hans gegn þessu eigi tekin til greina né krafa hans um að fá mótmælin bókuð, og hvarf hann við það burtu úr réttinum. En skipstjórinn krafðist úrskurðar réttarins um það, hvort það myndi svara kostnaði, eftir því sem ástatt væri, að láta gjöra við skipið, og kvað sjódómurinn samstundis upp úrskurð á þá leið, að skipið Christiena frá Alaborg álitist óbætandi. Þessum úrskurði hefir Axel Tulinius fyrir hönd váttryggjenda skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. nóv. f. á. og stefnt N.K. Strömberg skipstjóra fyrir hönd eigenda skipsins Christiena. Er það aðalkrafa hans hér fyrir réttinum að málinu verði vísað frá sjódóminum, en varakrafa, að málinu verði vísað heim til nýrrar og löglegrri meðferðar, frá því er réttarhaldið 23. okt f.á. byrjaði, er

Gísla Johnsen var synjað um vera við fyrir hönd áfrýjanda, og þrautvarakrafa að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt þannig að skipið Christiena verði talið bætandi, eða þess vert að við það verði gjört, og hvernig sem málið fer, þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og stefnda dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjandi heldur því fram, að sjódomurinn hafi brotið gegn fyrirmælum 10. gr. laga nr. 52, 30 nóvbr. 1914 um sjódóma og réttarfar í sjómálum með því að hafna að ástæðulausu umboðsmanni áfrýjanda í réttarhaldinu 23 okt. og byggir á því frávisunarkröfuna, en með því að það getur eigi valdið frávisun málsins. Þótt um slíkt brot væri að ræða, verður aðalkrafan eigi tekin til greina.

Þá er varakrafan um heimvísun málsins. Það kemur fram í málinu, að áfrýjandi var af sjódominum og stefnda viðurkendur fulltrúi váttryggjenda; svo er því ómótmælt, að hann hafi falið Gísla Johnsen að gæta réttarváttryggjenda út af strandinu og tilkynnt það formanni sjódomsins og stefnda um það leyti er málið kom fyrst fyrir sjódominn, enda kom Gíslí Johnsen, svo sem fyr getur, fram sem umboðsmaður áfrýjanda í réttarhöldunum 12. og 16. ágúst; er þess getið í sjódomsgjörðunum, en því var þá eigi hreyft, að umboð hans væri ófullnægjandi. Að svo vöxnu máli verður eigi séð að nein nauðsyn hafi verið, að krefja hann um framlagning skriflegs umboðs eða

hafna honum sem umboðsmanni fyrir þá sök, að hann hafði það eigi í höndum, og var því síður ástæða til að vísa umboðsmanninum frá þar sem þess hafði eigi verið gætt, samkvæmt fyrirmælum 10. gr. fyrnefndra laga 30. nóv. 1914, að gjöra áfrýjanda viðvart um skoðunar- og matsgjörðina á skipinu, er fram fór 23. sept. og um að hún skyldi staðfest í sjódómnum 23. okt. Það þykir því eiga að fallast á varakröfu áfrýjanda um heimvísun málsins. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir sjódóminn, að taka málið, eins og það var við byrjun réttar haldsins 23. okt. f.á., aftur fyrir til meðferðar, þannig að áfrýjanda eða umboðsmanni hans verði gefin kostur á að vera viðstaddur og halda uppi rétti váttryggjenda.

Eftir málavöxtum veður að telja rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og ber sjódóminum að taka málið, eins og það var við upphaf réttarhaldsins 23. okt. f.á., aftur til meðferðar, þannig að áfrýjanda eða umboðsmanni hans gefist kostur á að vera viðstaddur og halda uppi rétti váttryggjenda,

Stefndi N. K. Strömberg greiði áfrýjandi Axel Tulinius 40 kr í málskostnað áður en liðnar séu

8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 12. maí 1919.

Nr. 31/1918.

Gissur Filippusson  
gegn  
Ólafi V. Davíðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalmálið höfðaði Ólafur V. Davíðsson í Hafnarfirði fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gissuri Filippussyni vélasmíð hér í bænum til greiðslu á 8670 kr. skaðabótum fyrir sammingsrof ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði, en áfrýjandi, Gissur Filippusson, höfðaði þá gagnsök á hendur honum; krafðist sýknunar í aðalmálinu en í gagnsökinni krafðist hann þess að Ólafur V. Davíðsson yrði dæmdur til að greiða sér 600 kr. með 6% ársvöxtum frá 21. Júlí 1917 til greiðsludags. Svo krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök.

Máli þessu lauk svo fyrir aukaréttinum, með dómi uppkveðnum 3. maí f.á., að Gissur Filippusson var dæmdur til að greiða aðalstefnanda Ólafi V Davíðssyni 400 kr. með 6% ársvöxtum frá 30 okt. 1917 til